Skólaráð Smáraskóla

Fundur haldinn í skólanum þriðjudaginn 12.febrúar 2019 kl. 08:10-09:30.

Mætt: Börkur skólastjóri stýrði fundi, Kristín aðstoðarskólastjóri ritaði fund, Davíð Smári fulltrúi foreldra, Guðlaug Harpa fulltrúi foreldra, Ingibjörg Birna fulltrúi foreldra, Guðmundína fulltrúi kennara, Hrefna fulltrúi kennara, Ingibjörg fulltrúi annarra starfsmanna, Andri Snær fulltrúi nemenda og Katla fulltrúi nemenda.

1. Samráðsferli vegna stækkunar Smáraskóla.
   Börkur fór yfir vinnufundi með nemendum, starfsmönnum og foreldrum og niðurstöður þess samráðsferlis. Drög að samantekt sem snýr sérstaklega að hugmyndum um nýbyggingu og nýtingu eldra húsnæðis liggur fyrir. Fulltrúum foreldra falið að taka þetta til umræðu með stjórn foreldrafélagsins. Rætt að biðja um allt sem við þurfum og almennt tekið jákvætt í þessa helstu punkta sem liggja fyrir. Í umræðu um salernismál kom fram að þörf gæti verið ólík á mismunandi aldursstigum. Einnig að breyta ljósum þannig að ekki sé hægt að slökkva ljós frammi þegar einhver er inni á salerninu. Rætt um anddyri, skógeymslu, snagamál, bleytu o.fl. Fjölga þarf snögum í miðrými.
   Í framhaldinu verði farið í sambærilega samantekt hvað varðar innra starf. Áhugi nýrra skólastjórnenda snýr að þróun kennsluhátta og auknu samstarfi og teymisvinnu.
2. Niðurstöður samræmdra prófa 2018.
   Börkur sýndi mynd með normaldreifðum einkunnum vegna samræmdra prófa 2018. Þar koma fram niðurstöður Smáraskóla í samanburði við okkar landshluta annars vegar og allt landið hins vegar. Kennarar rýna niðurstöður og skipuleggja starfið til samræmis. Almennt kemur skólinn vel út nema í íslensku í 7.bekk. Umræða um samræmd próf almennt.
3. Símnotkun á skólatíma.
   Einhverjir skólar hafa lokað á símnotkun nemenda á skólatíma. Ef nemendur hafa ekki síma til afþreyingar, þá þarf að skoða aðstöðu til afþreyingar, einnig hvetja til útivistar (gæti tengst stefnu skólans um áherslu á útivist). Nú eru tækjalausar frímínútur á föstudögum, nemendaráð hefur rætt að gera það oftar. Eitthvað er um að foreldrar hringi í börn sín á skólatíma og trufli þannig starfið í skólanum. Rætt um að ekki sé gott að vera með boð og bönn heldur frekar skýrar og einfaldar reglur sem einfalt er að framfylgja.
4. Önnur mál.
   - Rætt um notkun ipada. Virðist vanta rannsóknir á bakvið. Skiptar skoðanir um gildi þessa og þá ákvörðun sem tekin var á sínum tíma að afhenda öllum nemendum í 5.-10.bekk tæki til afnota. Eitt af því sem þarf að gera er að kortleggja hvernig við erum að nýta tækin til náms og kennslu og hvernig þau nýtast okkur til góðs. Þessu tengt þarf að huga að líkamsbeitingu og notkun lyklaborðs/fingrasetningar.
   - Fljótlega verður aukafundur til að fara yfir skóladagatal næsta árs.
   - Stutt umræða um hjóla- og fjallaferðir. Áhugi á að endurvekja þær hefðir sem fylgdu þessum hefðum og gæti verið samráðsverkefni skóla og foreldra.